

# Vin er réttnefni

Á HVERFISGÖTU 47 í Reykjavík rekur Rauði krossinn athvarf fyrir geðfatlaða, Vin. Þar geta þeir m.a. fengið að borða gegn vægu gjaldi og aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs.

Mikilvægastur er þó, að mati undirritaðs, sá félagslegi styrkur sem gestirnir hafa hver af öðrum og samskiptum við starfsmenn, sem tala ekki niður til þeirra, heldur koma fram við skjólstaðinga sem jafningja, hvetja þá

og virkja hæfileika hvers og eins honum sjálfum og heildinni til hagsbóta.

Sá sem þetta skrifar fór að nýta sér þessa þjónustu fyrir u.þ.b. 2 árum og í lífi hans reyndist starfsemin sannarlega vera vin í félagslegri eyðimörk. Oft var hann búinn að ganga fram hjá húsinu áður en hann áráddi að fara inn, en móttökurnar voru yndislegar.

Geðsjúkdómum fylgir oft mikil fé-



**Garðar Sölvi Helgason**

lagsleg einangrun. Fólk skammast sín fyrir veikindin og dregur sig inn í skel sína.

Starfsemi Geðhjálp- ar og Vinjar varð til þess að undirritaður kom úr felum og gerði sér grein fyrir því að ástæðulaust var að skammast sín fyrir geðfötlun fremur en annars konar fötlun eða veikindi.

Það undarlega gerðist að umhverfið tók þessu undantekningarlaust mjög vel. Þeir forðomar sem ég bjóst við

að mæta reyndust ekki vera fyrir hendi. Sjálfsmyndin styrktist öll, streita minnkaði og andleg og líkamleg líðan batnaði.

Geðfatlaðir hafa sömu þarfir og aðrir. Þeir þurfa t.d. að lyfta sér upp öðru hvoru eins og annað fólk.

Í Vin er rekið ferðafélag gesta og starfsmanna, Viðsýn, sem skipuleggur ódýrar ferðir innanlands og stuttar ferðir til útlanda.

## Geðfatlaðir

Öflug félagsleg starfsemi í þágu geðsjúkra felur ekki aðeins í sér

bætta líðan, segir

**Garðar Sölvi Helgason,**

heldur einnig sparnað

fyrir þjóðfélagið.

Geðfatlaðir eiga oft erfitt með að ferðast. Ekki vegna veikinda sína heldur félagslegra aðstæðna. Ættingjar eru oft ekki til staðar til að ferðast með og erfitt er að kaupa almennar ferðir vegna kostnaðar, en þó fyrst og fremst vegna þess að fyrsta spurningin frá ókunnum sessunauti í slíkum ferðum er yfirleitt: „Hvað starfar þú?“

Það er sannfæring undirritaðs að öflug félagsleg starfsemi í þágu geðsjúkra feli ekki aðeins í sér bætta líðan heldur einnig stórfelldan sparnað fyrir þjóðfélagið í beinhörðum peningum.

*Höfundur er öryrki vegna geðklöfa.*